



Áfangalýsing ML

Titill:	Líkindareikningur og tölfræði
Námsgrein:	Stærðfræði
Viðfangsefni:	Líkindareikningur og tölfræði
Skammstöfun:	STÆR2TL05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Nemendur eru þjálfaðir í þeim vinnubrögðum sem notuð eru í stærðfræði. Nemendur eiga að vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra. Lögð er áhersla á sjálfstæði og ábyrgð á eigin námsframvindu. Farið verður í hluti eins og tölfræði og líkindareikning. Einnig nýting á viðeigandi forritum t.d. Excel.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal kunna skil á: <ul style="list-style-type: none">• grundvallaratriðum líkindafræði• lýsandi tölfræði og ályktunartölfræði• helstu líkindadreifingum• fylgnihugtakinu• öryggismörkum líkinda og tilgátuprófun
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í: <ul style="list-style-type: none">• að beita grunnaðferðum líkindafræði• lýsandi tölfræði• reikna öryggismörk líkinda og marktækni
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none">• sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og bera ábyrgð á eigin námsframvindu• skrá lausnir sínar skipulega, skiptast á skoðunum við aðra um þær og útskýra hugmyndir sínar og verk skilmerkilega á viðeigandi hátt• geta fylgt og skilið röksemdir og röksamhengi í mæltu máli og texta• takast á við stærðfræðileg verkefni með opnum og jákvæðum huga• skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau